

## Fjárhagsstaða heimilanna 2012

### *Household finances 2012*

#### *Samantekt*

Vanskil húsnæðislána eða leigu stóðu í stað árið 2012 en nokkuð dró úr vanskilum annarra lána. Heimilum sem eiga erfitt með að ná endum saman fækkaði frá fyrra ári og fleiri heimili gátu mætt óvæntum útgjöldum. Í heild fækkaði heimilum í fjárhagsvanda milli ára í fyrsta sinn síðan 2008.

Einstæðir foreldrar eru líklegri en aðrir hópar til að vera í fjárhagsvanda og konur sem búa einar lenda síður í vanskilum með lán en karlar sem búa einir. Heimili þar sem meðalaldur fullorðinna einstaklinga var 30–39 ár voru í mestum erfiðleikum. Því hærri sem meðalaldur fullorðinna einstaklinga er á heimilinu því minni líkur eru á því að heimilið sé í fjárhagserfiðleikum.

#### **Inngangur**

*Lífskjararannsókn Hagstofunnar  
er hluti af samræmdri rannsókn  
ESB*

Lífskjararannsókn Hagstofunnar er hluti af samræmdri lífskjararannsókn Evrópusambandsins (EU-SILC). Í þessari útgáfu er horft til íslenskra heimila og fjárhagsstöðu þeirra. Í kaflanum *Skýringar og hugtök* má sjá útskýringar á þeim breytum sem snúa að fjárhagsstöðu heimilanna. Einnig má finna töflur aftast þar sem hægt er að sjá tölur síðustu ára. Allar tölur sem tengjast þessu hefti eru aðgengilegar á vef Hagstofunnar [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is).

*Árið 2012 voru 123.900 heimili  
á Íslandi*

Árið 2012 var metinn fjöldi íslenskra heimila 123.900 samkvæmt lífskjararannsókn Hagstofunnar. Meðalfjöldi einstaklinga á heimili var metinn 2,4. Hafa ber í huga að upplýsingar um fjölda og stærð heimila eru byggðar að hluta til á könnunargögnum og því fylgir þeim nokkur óvissa. Sú óvissa endurspeglast í öryggisbili (skýring 2) eins og sjá má í töflu 2. Fjölgun heimila árið 2012 er til dæmis innan skekkjmarka.



**Tafla 1. Fjöldi og meðalstærð heimila á Íslandi**  
**Table 1. Number of households and mean household size in Iceland**

|                                                                      | 2007    | 2008    | 2009    | 2010    | 2011    | 2012    | 2012    |
|----------------------------------------------------------------------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|
| Fjöldi heimila <i>Number of households</i>                           | 117.900 | 121.900 | 126.100 | 124.600 | 122.900 | 123.900 | ± 4.700 |
| Meðalfjöldi á heimili<br><i>Mean number of household members</i>     | 2,5     | 2,5     | 2,4     | 2,4     | 2,4     | 2,4     | ± 0,05  |
| Meðalfjöldi 16 ára og eldri<br><i>Mean number 16 years and older</i> | 1,9     | 1,9     | 1,9     | 1,9     | 1,9     | 1,9     | ± 0,03  |
| Meðalfjöldi yngri en 16 ára<br><i>Mean number younger than 16</i>    | 0,6     | 0,6     | 0,6     | 0,6     | 0,6     | 0,6     | ± 0,03  |

## Helstu niðurstöður


*Heimilum í fjárhagsvanda  
fækkaði milli ára*

Almennt séð má segja að heimilum sem eiga í fjárhagsvanda hafi fækkað frá árinu 2011. Vanskil húsnæðislána eða leigu standa þó í stað. Þetta sýna myndir 1 til 3. Hafa ber í huga að hlutfall þeirra sem lent hafa í vanskilum með húsnæðislán eða leigu eða önnur lán er af öllum heimilum en ekki bara þeim sem eru með lán eða borga leigu. Mynd 3 sýnir að heimilin eiga auðveldara með að ná endum saman og takast á við óvænt útgjöld (skýring 3) árið 2012 en árið 2011.

*Um 10% heimila í vanskilum  
með húsnæðislán eða leigu á  
undanförnum 12 mánuðum*

Á árunum 2010 til 2012 voru um það bil 10% heimila í vanskilum með húsnæðislán eða leigu á síðustu 12 mánuðum en 7% árið 2009 og 5,5% árið 2008. Svarendur rúmlega 27% heimila töldu húsnæðiskostnað þunga byrði árið 2012 og er það nokkur lækkun frá síðasta ári þegar hlutfallið var tæp 32%. Ný spurning um byrði húsnæðiskostnaðar var sett inn í lífskjararannsóknina árið 2010 og útskýrir hún rof í tímaröðinni á mynd 1 (skýring 5).

**Mynd 1. Þung byrði og vanskil húsnæðislána eða leigu**  
**Figure 1. Heavy burden and arrears on mortgage or rent payment**




**Skýringar** Notes: Öryggisbil (95%) 2012: Vanskil húsnæðislána eða leigu ±1,3, húsnæðiskostnaður þung byrði ±1,9. CI (95%) 2012: Arrears on mortgage or rent payments ±1.3, housing cost is a heavy burden ±1.9.

Vanskil annarra lána en húsnæðislána voru 10,4% árið 2012 en 12,3% árið 2011

Árið 2012 höfðu 10,4% íslenskra heimila verið með önnur lán en húsnæðislán eða leigu í vanskilum einhvern tíma á undanförunum 12 mánuðum. Árið 2011 var sambærileg tala 12,3% en 5,5% árið 2008. Hlutfall heimila sem töldu önnur lán þunga byrði var tæp 14% árið 2012 en rúm 15% árið áður.

**Mynd 2. Þung byrði og vanskil annarra lána**  
Figure 2. Heavy burden and arrears on other loans




**Skýringar** Notes: Öryggisbil (95%) 2012: Vanskil annarra lána  $\pm 1,2$ , önnur lán þung byrði  $\pm 1,4$ . CI (95%) 2012: Arrears on other loan payments  $\pm 1,2$ , other loans a heavy burden  $\pm 1,4$ .

Tæp 36% áttu erfitt með að mæta óvæntum útgjöldum

Tæplega 36% heimila áttu erfitt með að mæta óvæntum útgjöldum að upphæð 157 þúsund árið 2012 en tæp 40% árið 2011. Lægst var hlutfallið árið 2008 eða 27%. Rúmlega 48% heimila áttu erfitt með að ná endum saman árið 2012 en rúm 30% árið 2008.

**Mynd 3. Svigrúm heimila til að standa undir útgjöldum**  
Figure 3. Flexibility of households to meet expenses




**Skýringar** Notes: Öryggisbil (95%) 2012: Getur ekki mætt óvæntum útgjöldum  $\pm 2,0$ , erfitt að ná endum saman  $\pm 2,0$ . CI (95%) 2012: Can not meet unexpected expenses  $\pm 2,0$ , difficult to make ends meet  $\pm 2,0$ .

Nánari greining á möguleikum heimila til að ná endum saman

Í lífsskjararannsókninni er spurt um möguleika heimila til að ná endum saman. Spurningin er með 6 svarkostum (skýring 4): mjög erfitt, erfitt, nokkuð erfitt, nokkuð auðvelt, auðvelt og mjög auðvelt. Á mynd 4 má sjá greiningu þar sem þeir sem eiga *mjög erfitt* með að ná endum saman eru teknir sérstaklega út og bornir saman við aðra sem eiga *erfitt* með að ná endum saman og þá sem eiga *auðvelt* með að ná endum saman.

#### Mynd 4. Möguleikar heimila á að ná endum saman

Figure 4. Ability of households to make ends meet



**Skýringar** Notes: Öryggisbil (95%) 2012: Auðvelt að ná endum saman  $\pm 2,0$ , erfitt eða nokkuð erfitt  $\pm 1,9$  og mjög erfitt  $\pm 1,4$ . CI (95%) 2012: Easy to make ends meet  $\pm 2,0$ , difficult or somewhat difficult  $\pm 1,9$ , very difficult  $\pm 1,4$ .

11,5% heimila áttu mjög erfitt með að ná endum saman

Heimilum sem áttu mjög erfitt með að ná endum saman fækkaði á árabílinu 2010 til 2012 úr 13,7% í 11,5%. Á milli áranna 2007 og 2010 hafði þessum heimilum hins vegar fjölgað.

#### Fjárhagsvandi heimila eftir heimilisgerð

Einstæðir foreldrar eru í mestum fjárhagslegum erfiðleikum

Þegar fjárhagsstaða heimilanna er greind eftir heimilisgerð kemur í ljós að einstæðir foreldrar eiga í mestum fjárhagslegum erfiðleikum. Í þessum hópi voru 21,5% heimila í vanskilum með húsnæðislán eða leigu og 22,3% í vanskilum með önnur lán. Af heimilum einstæðra foreldra telja tæp 40% húsnæðiskostnað vera þunga fjárhagslega byrði og tæp 23% segja það sama um afborganir annarra lána en húsnæðislána.

Mikill meirihluti einstæðra foreldra á erfitt með að ná endum saman eða 73,4% og rúm 68% einstæðra foreldra gat ekki mætt óvæntum útgjöldum að upphæð 157 þúsund krónur.

Barnlaus heimili með fleiri en einn fullorðinn lenda síður en önnur heimili í vanskilum með húsnæðislán og önnur lán

Barnlaus heimili með fleiri en einn fullorðinn lenda síður en önnur heimili í vanskilum með húsnæðislán og önnur lán. Slík heimili hafa meira fjárhagslegt svigrúm en önnur heimili en 23,4% þeirra gátu ekki brugðist við óvæntum útgjöldum og rúm 35% áttu erfitt með að ná endum saman.


Konur sem búa einar eru ólíklegar til að lenda í vanskilum með lán

Konur sem búa einar lenda síður í vanskilum með lán en flestir aðrir hópar og standa mun betur að því leyti en heimili þar karlar búa einir. Árið 2012 höfðu 6% kvenna sem búa einar lent í vanskilum með leigu eða húsnæðislán á undanförunum

12 mánuðum og tæp 7% þeirra höfðu lent í vanskilum með önnur lán. Sambærilegar tölur fyrir karla sem búa einir eru 15% og tæp 12%. Meðal einstæðra foreldra eru tölurnar 21,5% og 22,3% eins og áður kom fram.

**Mynd 5. Vanskil húsnæðislána/leigu meðal heimila þar sem einn fullorðinn býr**


Figure 5. Arrears on mortgage or rent payments among single adult households



**Skýringar** Notes: Öryggisbil (95%) 2012: Ein kona  $\pm 3,5$ , einn karl  $\pm 4,6$ , einstætt foreldri  $\pm 6,4$ . CI (95%) 2012: One female  $\pm 3.5$ , one male  $\pm 4.6$ , one parent  $\pm 6.4$ .

**Mynd 6. Vanskil annarra lána meðal heimila þar sem einn fullorðinn býr**

Figure 6. Arrears on other loans among single adult households



**Skýringar** Notes: Öryggisbil (95%) 2012: Ein kona  $\pm 3,2$ , einn karl  $\pm 4,1$ , einstætt foreldri  $\pm 6,4$ . CI (95%) 2012: One female  $\pm 3.2$ , one male  $\pm 4.1$ , one parent  $\pm 6.4$ .


## Fjárhagsstaða eftir meðalaldri fullorðinna heimilismanna

Heimili þar sem meðalaldur fullorðinna einstaklinga er lægri en 40 ár lenda helst í vanskilum með lán

Aldur er skilgreindur sem meðalaldur fullorðinna einstaklinga á heimilinu (skýring 1). Almenn má segja að því hærra sem meðalaldur heimilismanna er því minna er um fjárhagsvanda. Árið 2012 sögðust rúm 14% í aldurshópnum 30 til 39 ára hafa lent í vanskilum með húsnæðislán eða leigu á undanförunum 12 mánuðum. Vanskil húsnæðislána eða leigu eru hverfandi á heimilum þar sem meðalaldur var 70 ára eða eldri.

### Mynd 7. Vanskil húsnæðislána/leigu lána meðal ólíkra aldurshópa

Figure 7. Arrears on housing loans or rent among different age groups



**Skýringar** Notes: Öryggisbil (95%) 2012: 30-39 ára  $\pm 3,0$ , 50-59 ára  $\pm 3,1$ , 70 ára og eldri  $\pm 1,4$ . CI (95%) 2012: 30-39 years  $\pm 3,0$ , 50-59 years  $\pm 3,1$ , 70 years or older  $\pm 1,4$ .

Heimili eldra fólks eru í minni skuldavanda en heimili yngra fólks


Það sama á við þegar litið er til annarra lána en húsnæðislána. Samband er milli aldurs og fjárhagsvanda. Heimili þar sem meðalaldur er 30 til 39 ára standa verst að vígi en um 17% þeirra höfðu lent í vanskilum með önnur lán á undanförunum 12 mánuðum. Vandamál vegna slíkra skulda eru fátíð í elsta hópnum (sjá töflu 5).

*Yngstu hóparnir eiga erfiðast með að mæta óvæntum útgjöldum og ná endum saman*

Heimili þar sem meðalaldur fullorðinna heimilismanna er 30–39 ára áttu erfiðast með að ná endum saman en 57,1% heimila í þessum hópi voru í þeirri stöðu (mynd 8). Heimili þar sem meðalaldur er lægri en 30 ára eiga í mestum vandræðum með að mæta óvæntum útgjöldum að upphæð 157 þúsund, 55,4%, og þar á eftir kemur hópur 30–39 ára. Nánari greiningu á fjárhagsstöðu eftir aldurshópum má sjá í töflu 5 aftast í heftinu.

### Mynd 8. Möguleikar heimila á að ná endum saman eftir aldri

Figure 8. Ability of households to make ends meet by age group



**Skýringar** Notes: Öryggisbil (95%) 2012: 30–39 ára  $\pm 4,0$ , 50–59 ára  $\pm 4,8$ , 70 ára og eldri  $\pm 5,5$ . CI (95%) 2012: 30–39 years  $\pm 4,0$ , 50–59 years  $\pm 4,8$ , 70 years or older  $\pm 5,5$ .


### Fjárhagsstaða heimila eftir tekjufimmtungum

*Tekjulægri heimili eru líklegri til að vera í fjárhagsvanda en tekjuhærri heimili*

Það kemur ekki á óvart að tekjulægri heimili eru almennt séð líklegri til að lenda í fjárhagsvanda en tekjuhærri heimili. Tekjuhæsti fimmtungurinn er ólíklegastur til að vera í fjárhagsvanda og á það við um alla þættina sem skoðaðir hafa verið. Mynd 9 sýnir lægsta, miðju og hæsta tekjufimmtunginn og þar má sjá skýran mun á tekjuhópum eftir því hversu erfitt þeir eiga með að ná endum saman.

### Mynd 9. Möguleikar heimila á að ná endum saman eftir tekjufimmtungum

Figure 9. Ability of households to make ends meet by income quintiles




**Skýringar** Notes: Öryggisbil (95%) 2012: 0–20%  $\pm 4,9$ , 40–60%  $\pm 4,4$ , 80–100%  $\pm 3,5$ . CI (95%) 2012: 0–20%  $\pm 4,9$ , 40–60%  $\pm 4,4$ , 80–100%  $\pm 3,5$ .

*Það er ekki algilt að tekjuhærri hópar séu í minni fjárhagsvanda en tekjulægri hópar*

Hinir fjórir fimmtungarnir fylgja þó ekki alltaf þeirri reglu að tekjuhærri heimilin standi betur. Til dæmis er næst tekjuhæsti hópurinn, fjórði fimmtungur, líklegastur til að telja byrði húsnæðiskostnaðar og byrði annarra lána en húsnæðislána vega þungt. Tölurnar að baki myndinni má sjá í töflu 6 aftast í heftinu.

### Mynd 10. Þung byrði annarra lána en húsnæðislána eftir tekjufimmtungum

Figure 10. Heavy burden of loans other than housing loans by income quintiles



**Skýringar** Notes: Öryggisbil (95%) 2012: 0–20%  $\pm 3,6$ , 20–40%  $\pm 3,2$ , 40–60%  $\pm 3,0$ , 60–80%  $\pm 3,1$ , 80–100%  $\pm 2,4$ . CI (95%) 2012: 0–20%  $\pm 3,6$ , 20–40%  $\pm 3,2$ , 40–60%  $\pm 3,0$ , 60–80%  $\pm 3,1$ , 80–100%  $\pm 2,4$ .

Á mynd 10 er erfitt að greina milli fjögurra lægstu tekjufimmtunganna en hæsti fimmtungurinn sker sig frá hinum. Tölurnar fyrir árið 2012 sýna að á bilinu 13,6% til 16,3% telja byrði annarra lána en húsnæðislána þunga hjá fjórum tekjulægstu fimmtungunum en aðeins 9,3% í tekjuhæsta fimmtungnum. Myndin er dæmi um undantekningu frá þeirri reglu að tekjulægri heimili séu í meiri vanda en þau tekjuhærri.



## Úrtak

Svarhlutfall var 77% og svör  
fengust frá 3.091 heimili árið  
2012

Úrtak lífshjararannsóknarinnar 2012 var 4.347 heimili. Eftir að þeir sem eru látnir og búsettir erlendis hafa verið dregnir frá var nettó úrtakið 4.018 heimili. Svör fengust frá 3.091 þessarra heimila sem er 77% svarhlutfall. Lífshjararannsóknin var framkvæmd í mars til maí árið 2012.

## Skýringar og hugtök

1. Börn og fullorðnir á heimili Til barna á heimili (e. *dependent children*) heyra allir þeir sem eru undir 18 ára aldri og þeir sem eru 18–24 ára, eru án vinnu og búa hjá að minnsta kosti öðru foreldri. Fullorðnir teljast þeir sem ekki falla undir skilgreininguna um börn.
2. Öryggisbil Lífshjararannsóknin byggist á úrtaki og því þarf að gera ráð fyrir ákveðinni óvissu í niðurstöðum. Til að meta óvissuna er reiknað öryggisbil (e. *confidence interval*) fyrir niðurstöður rannsóknarinnar. Öryggisbilið nær jafnlangt upp fyrir og niður fyrir töluna og er lagt við töluna og dregið frá henni. Ef metin stærð er 10% og öryggisbil  $\pm 1,2$  eru neðri vikmörk 8,8 og efri vikmörk 11,2. Miðað er við 95% öryggismörk og því má fullyrða að í 95% tilvika lendi niðurstaðan innan þess öryggisbils sem gefið er upp. Þegar tvær tölur eru bornar saman til að athuga hvort munurinn á þeim sé nægjanlega mikill til að teljast tölfræðilega marktækur þarf að athuga hvort öryggisbil beggja talna skarist.
3. Óvænt útgjöld Viðmiðunarypphæð óvæntra útgjalda tekur mið af lágtekjumörkum einstaklings sem reiknuð eru úr lífshjararannsókn tveimur árum fyrir.
4. Breytur og flokkun þeirra Í þessum hagtíðindum er beint sjónum að þeim hluta lífshjararannsóknarinnar sem fjallar um fjárhagsstöðu heimilanna. Í rannsókninni er spurt um getu heimilisins til að ná endum saman fjárhagslega, að standa í skilum með afborganir lána og getu til að mæta óvæntum útgjöldum. Í heftinu eru fjallað um eftirfarandi breytur.

Vanskil vegna fjárskorts a.m.k. einu sinni á undanförunum 12 mánuðum á greiðslum húsnæðislána eða húsaleigu

1. Já
2. Nei

Vanskil vegna fjárskorts a.m.k. einu sinni á undanförunum 12 mánuðum á afborgunum annarra lána en húsnæðislána

1. Já
2. Nei

Hefur heimilið fjárráð til að mæta óvæntum útgjöldum að upphæð 160 þúsund krónum (upphæðin er breytileg milli ára en var 160 þúsund kr. í könnun 2011)

1. Já
2. Nei

Hvernig gengur heimilinu að ná endum saman

1. Mjög erfitt
2. Erfitt
3. Nokkuð erfitt
4. Nokkuð auðvelt
5. Auðvelt
6. Mjög auðvelt

Fjárhagsleg byrði heildar húsnæðiskostnaðar, taldir upp allir undirliðir

1. Þung byrði
2. Nokkur byrði
3. Engin byrði

Fjárhagsleg byrði heildar húsnæðiskostnaðar, ekki talið upp

1. Þung byrði
2. Nokkur byrði
3. Engin byrði

Fjárhagsleg byrði afborgana annarra lána en húsnæðislána

1. Þung byrði
2. Nokkur byrði
3. Engin byrði

5. Ólíkar spurningar um heildarkostnað húsnæðis

Árið 2010 var sett inn ný spurning um heildarhúsnæðiskostnað í samræmi við reglugerðir ESB. Hugmyndin með nýju spurningunni var að telja upp þá þætti sem falla undir húsnæðiskostnaðinn til þess að allir svarendur skildu spurninguna á sama hátt og til þess að svarendur áttuðu sig á því hvað væri átt við með heildarhúsnæðiskostnaði. Eldri spurningin var almennt orðuð og hætta var á að svarendur túlkuðu hana á ólíkan hátt eða gleymdu að taka suma þætti húsnæðiskostnaðar með í reikninginn. Árin 2010 og 2011 voru allir þátttakendur spurðir beggja spurninganna til þess að hægt væri að meta áhrifin af breyttri spurningu og svo auðveldara væri að glöggva sig á þróuninni. Niðurstaðan er sú að mikill munur er á svörum við spurningunum tveimur. Mun fleiri telja húsnæðiskostnað vera þunga byrði þegar allir þættir kostnaðarins eru taldir upp. Árið 2011 töldu 31,6% húsnæðiskostnað vera þunga byrði þegar allir þættir kostnaðarins voru taldir upp en 19,2% töldu húsnæðiskostnað vera þunga byrði án upptalningar.

Eldri spurningin: Er kostnaður við rekstur húsnæðisins þung, nokkur eða engin fjárhagsleg byrði?

1. Þung byrði
2. Nokkur byrði
3. Engin byrði

Nýja spurningin: Ef þú hugsar um heildarhúsnæðiskostnað, þar með talið afborganir húsnæðislána, leigu, tryggingar, fasteignagjöld, viðhald og viðgerðir. Hversu mikil byrði er þessi kostnaður þá . þung, nokkur, engin?

1. Þung byrði
2. Nokkur byrði
3. Engin byrði

6. Ráðstöfunartekjur

Ráðstöfunartekjur (e. *disposable income*) eru heildartekjur heimilisins eftir skatta að meðtöldum greiðslum úr félagslega kerfinu. Samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins telst hagnaður af sölu hlutabréfa og verðbréfa ekki til ráðstöfunartekna í þessari rannsókn. Aðrar fjármagnstekjur, svo sem vaxtatekjur og arður af hlutabréfum, teljast hins vegar til ráðstöfunartekna.

7. Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu

Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu (e. *equivalised disposable income*) eru skilgreindar sem ráðstöfunartekjur eftir að tillit hefur verið tekið til heimilisstærðar og þeirrar hagkvæmni í rekstri heimilisins sem fæst við það að fleiri en einn búa undir sama þaki. Einnig er gert ráð fyrir því að útgjöld vegna barna séu lægri en útgjöld vegna fullorðinna. Til að taka mið af þessu er notaður kvarði frá Evrópusamband-

inu sem gefur fyrsta fullorðna einstaklingnum á heimilinu vogina 1,0. Aðrir einstaklingar 14 ára og eldri fá vogina 0,5 og einstaklingar yngri en 14 ára fá vogina 0,3. Þannig má segja að hjón með tvö börn, yngri en 14 ára, sem hafa 500 þúsund krónur í ráðstöfunartekjur alls á mánuði hafi  $(500 / (1 + 0,5 + 0,3 + 0,3)) = 500 / 2,1 = 238$  þúsund krónur í ráðstöfunartekjur á neyslueiningu.

### English summary

The number of arrears of housing loans or rent remains the same between years but arrears of other loans have decreased. Fewer households have problems making ends meet than in 2011 and more households can meet unexpected expenses. In general the number of households with financial difficulties decreased between the years 2011 and 2012.

Among household types, single parents are more likely than other types of households to have financial difficulties. Households with a single female who lives without a child are less likely to be in arrears with loans than households with a single male.

When looking at age groups it can be seen that households with the mean age of adults 30-39 years have the most financial difficulties. Generally speaking, the higher the mean age of adult household members the less financial difficulties the households have.

**Tafla 2. Ólíkar spurningar sem mæla fjárhagsstöðu heimilanna**

Table 2. Different questions that measure household finances

|                                             | Hlutfall Rate |      |      |      |      |      | Öryggisbil | Áætlaður fjöldi  |
|---------------------------------------------|---------------|------|------|------|------|------|------------|------------------|
|                                             | 2007          | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | CI         | Estimated number |
| Vanskil húsnæðislána eða leigu              |               |      |      |      |      |      |            |                  |
| <i>Arrears of mortgage or rent payments</i> | 5,8           | 5,5  | 7,1  | 10,0 | 10,1 | 10,1 | ± 1,3      | 12.100           |
| Rekstur húsnæðis þung byrði                 |               |      |      |      |      |      |            |                  |
| <i>Running the house a heavy burden</i>     | 9,6           | 11,8 | 15,0 | 16,4 | 19,2 | •    | •          | •                |
| Húsnæðiskostnaður er þung byrði             |               |      |      |      |      |      |            |                  |
| <i>Housing cost is a heavy burden</i>       | •             | •    | •    | 29,1 | 31,7 | 27,3 | ± 1,8      | 33.000           |
| Vanskil annarra lána                        |               |      |      |      |      |      |            |                  |
| <i>Arrears of other loans</i>               | 8,4           | 5,5  | 10,3 | 13,1 | 12,3 | 10,4 | ± 1,2      | 12.800           |
| Önnur lán þung byrði                        |               |      |      |      |      |      |            |                  |
| <i>Other loans a heavy burden</i>           | 11,5          | 10,3 | 15,5 | 19,1 | 15,1 | 13,9 | ± 1,4      | 16.900           |
| Getur ekki mætt óvæntum útgjöldum           |               |      |      |      |      |      |            |                  |
| <i>Can not meet unexpected expenses</i>     | 29,8          | 26,9 | 29,8 | 35,6 | 39,8 | 35,9 | ± 2,0      | 43.700           |
| Erfitt að ná endum saman                    |               |      |      |      |      |      |            |                  |
| <i>Difficult to make ends meet</i>          | 28,4          | 30,1 | 39,0 | 48,7 | 51,5 | 48,2 | ± 2,0      | 59.100           |

**Tafla 3. Möguleikar heimila á að ná endum saman**

Table 3. Ability of households to make ends meet

|                                          | Hlutfall Rate |      |      |      |      |      | Öryggisbil | Áætlaður fjöldi  |
|------------------------------------------|---------------|------|------|------|------|------|------------|------------------|
|                                          | 2007          | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | CI         | Estimated number |
| Mjög erfitt                              |               |      |      |      |      |      |            |                  |
| <i>With great difficulty</i>             | 5,6           | 5,9  | 8,2  | 13,7 | 13,1 | 11,5 | ± 1,4      | 14.200           |
| Erfitt / nokkuð erfitt                   |               |      |      |      |      |      |            |                  |
| <i>With difficulty / some difficulty</i> | 22,9          | 24,2 | 30,8 | 35,0 | 38,4 | 36,7 | ± 1,9      | 44.900           |
| Auðvelt Easy                             |               |      |      |      |      |      |            |                  |
|                                          | 71,6          | 69,9 | 61,0 | 51,3 | 48,5 | 52,0 | ± 2,0      | 63.500           |

**Tafla 4. Heimili í fjárhagsvanda eftir heimilisgerð**  
**Table 4. Households in financial difficulties by household type**

|                                                                                                 | Hlutfall <i>Rate</i> |            |             |             |             |             |             | Öryggis-<br>bil<br><i>CI</i> | Áætlaður<br>fjöldi<br><i>Estim.<br/>number</i> |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------|------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|------------------------------|------------------------------------------------|
|                                                                                                 | 2006                 | 2007       | 2008        | 2009        | 2010        | 2011        | 2012        | 2012                         | 2012                                           |
| <b>Vanskil húsnæðislána eða leigu</b>                                                           |                      |            |             |             |             |             |             |                              |                                                |
| <b><i>Arrears of mortgage or rent payments</i></b>                                              |                      |            |             |             |             |             |             |                              |                                                |
| <b>Alls <i>Total</i></b>                                                                        | <b>5,7</b>           | <b>5,8</b> | <b>5,5</b>  | <b>7,1</b>  | <b>10,0</b> | <b>10,1</b> | <b>10,1</b> | <b>± 1,3</b>                 | <b>12.100</b>                                  |
| Heimili án barna <i>Households without dependent children</i>                                   | 3,8                  | 4,9        | 5,0         | 5,5         | 7,1         | 8,3         | 7,7         | ± 1,6                        | 5.500                                          |
| Einn á heimili <i>One person households</i>                                                     | 4,8                  | 7,4        | 7,8         | 6,8         | 8,0         | 10,3        | 11,0        | ± 2,9                        | 4.000                                          |
| Einn á heimili, kona <i>One person household, female</i>                                        | 1,6                  | 4,3        | 4,0         | 2,3         | 4,4         | 6,0         | 6,8         | ± 3,5                        | 1.200                                          |
| Einn á heimili, karl <i>One person household, male</i>                                          | 7,6                  | 10,0       | 11,0        | 11,0        | 11,4        | 14,3        | 15,0        | ± 4,6                        | 2.800                                          |
| Fleiri en einn fullorð. án barna <i>More than one adult without childr.</i>                     | 2,9                  | 2,6        | 2,3         | 4,1         | 6,1         | 6,2         | 4,4         | ± 1,3                        | 1.500                                          |
| Heimili með börn <i>Households with children</i>                                                | 8,2                  | 7,0        | 6,2         | 9,5         | 14,0        | 12,9        | 13,5        | ± 2,0                        | 6.600                                          |
| Einstætt foreldri með barn eða börn<br><i>Single parent with one or more dependent children</i> | 15,6                 | 12,1       | 10,1        | 18,1        | 22,0        | 17,6        | 21,5        | ± 6,4                        | 2.200                                          |
| Tveir fullorðnir, eitt barn <i>Two adults, one dependent child</i>                              | 6,8                  | 4,2        | 4,2         | 7,5         | 11,2        | 9,5         | 10,1        | ± 3,2                        | 1.200                                          |
| Tveir fullorðnir, tvö börn <i>Two adults two dependent children</i>                             | 4,7                  | 5,9        | 4,9         | 8,0         | 10,3        | 12,2        | 11,3        | ± 3,2                        | 1.500                                          |
| Tveir fullorðnir, fleiri börn <i>Two adults three or more children</i>                          | 8,5                  | 9,0        | 9,1         | 8,0         | 16,8        | 13,8        | 14,4        | ± 4,2                        | 1.200                                          |
| Fleiri en einn fullorð. með börn <i>More than one adult with children</i>                       | 6,7                  | 6,0        | 5,4         | 7,8         | 12,1        | 11,8        | 11,4        | ± 1,8                        | 4.400                                          |
| <b>Rekstur húsnæðis er þung byrði (eldri spurning)</b>                                          |                      |            |             |             |             |             |             |                              |                                                |
| <b><i>Running the household is a heavy burden (older question)</i></b>                          |                      |            |             |             |             |             |             |                              |                                                |
| <b>Alls <i>Total</i></b>                                                                        | <b>9,9</b>           | <b>9,6</b> | <b>11,8</b> | <b>15,0</b> | <b>16,4</b> | <b>19,2</b> | .           | .                            | .                                              |
| Heimili án barna <i>Households without dependent children</i>                                   | 9,8                  | 8,5        | 11,2        | 13,0        | 12,8        | 17,0        | .           | .                            | .                                              |
| Einn á heimili <i>One person households</i>                                                     | 11,1                 | 10,6       | 14,2        | 15,5        | 15,6        | 19,8        | .           | .                            | .                                              |
| Einn á heimili, kona <i>One person household, female</i>                                        | 15,1                 | 9,7        | 14,6        | 16,3        | 16,4        | 20,3        | .           | .                            | .                                              |
| Einn á heimili, karl <i>One person household, male</i>                                          | 7,5                  | 11,2       | 13,9        | 14,9        | 14,9        | 19,4        | .           | .                            | .                                              |
| Fleiri en einn fullorð. án barna <i>More than one adults without childr.</i>                    | 8,6                  | 6,6        | 8,3         | 10,3        | 9,6         | 14,0        | .           | .                            | .                                              |
| Heimili með börn <i>Households with children</i>                                                | 10,0                 | 11,0       | 12,8        | 17,8        | 21,4        | 22,6        | .           | .                            | .                                              |
| Einstætt foreldri með barn eða börn<br><i>Single parent with one or more dependent children</i> | 19,5                 | 19,2       | 27,2        | 30,5        | 33,8        | 31,4        | .           | .                            | .                                              |
| Tveir fullorðnir, eitt barn <i>Two adults, one dependent child</i>                              | 7,6                  | 9,8        | 10,9        | 14,1        | 15,4        | 15,6        | .           | .                            | .                                              |
| Tveir fullorðnir, tvö börn <i>Two adults two dependent children</i>                             | 6,8                  | 7,8        | 9,5         | 17,7        | 18,1        | 22,5        | .           | .                            | .                                              |
| Tveir fullorðnir, fleiri börn <i>Two adults three or more children</i>                          | 10,5                 | 9,7        | 11,9        | 15,6        | 22,6        | 24,4        | .           | .                            | .                                              |
| Fleiri en einn fullorð. með börn <i>More than one adults with children</i>                      | 8,1                  | 9,5        | 10,1        | 15,2        | 18,4        | 20,4        | .           | .                            | .                                              |

Tafla 4. Heimili í fjárhagsvanda eftir heimilisgerð (frh.)  
 Table 4. Households in financial difficulties by household type (cont.)

|                                                                                                 | Hlutfall Rate |             |             |             |             |             |             | Öryggis-<br>bil<br>CI | Áætlaður<br>fjöldi<br>Estim.<br>number |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-----------------------|----------------------------------------|
|                                                                                                 | 2006          | 2007        | 2008        | 2009        | 2010        | 2011        | 2012        | 2012                  | 2012                                   |
| <b>Húsnæðiskostnaður er þung byrði</b>                                                          |               |             |             |             |             |             |             |                       |                                        |
| <b>Housing cost is a heavy burden</b>                                                           |               |             |             |             |             |             |             |                       |                                        |
| <b>Alls Total</b>                                                                               | .             | .           | .           | .           | <b>29,1</b> | <b>31,7</b> | <b>27,3</b> | <b>± 1,8</b>          | <b>33.000</b>                          |
| Heimili án barna <i>Households without dependent children</i>                                   | .             | .           | .           | .           | 23,0        | 27,0        | 23,1        | ± 2,4                 | 16.700                                 |
| Einn á heimili <i>One person households</i>                                                     | .             | .           | .           | .           | 26,8        | 30,0        | 25,9        | ± 4,0                 | 9.600                                  |
| Einn á heimili, kona <i>One person household, female</i>                                        | .             | .           | .           | .           | 31,6        | 33,1        | 25,3        | ± 5,7                 | 4.500                                  |
| Einn á heimili, karl <i>One person household, male</i>                                          | .             | .           | .           | .           | 22,2        | 27,3        | 26,5        | ± 5,5                 | 5.100                                  |
| Fleiri en einn fullorð. án barna <i>More than one adults without childr.</i>                    | .             | .           | .           | .           | 18,8        | 24,0        | 20,2        | ± 2,5                 | 7.100                                  |
| Heimili með börn <i>Households with children</i>                                                | .             | .           | .           | .           | 37,7        | 38,6        | 33,5        | ± 2,6                 | 16.200                                 |
| Einstætt foreldri með barn eða börn<br><i>Single parent with one or more dependent children</i> | .             | .           | .           | .           | 47,3        | 45,4        | 39,9        | ± 7,5                 | 4.100                                  |
| Tveir fullorðnir, eitt barn <i>Two adults, one dependent child</i>                              | .             | .           | .           | .           | 32,9        | 32,2        | 26,8        | ± 4,6                 | 3.200                                  |
| Tveir fullorðnir, tvö börn <i>Two adults two dependent children</i>                             | .             | .           | .           | .           | 32,8        | 39,7        | 32,4        | ± 4,7                 | 4.200                                  |
| Tveir fullorðnir, fleiri börn <i>Two adults three or more children</i>                          | .             | .           | .           | .           | 43,6        | 40,3        | 36,7        | ± 5,8                 | 3.100                                  |
| Fleiri en einn fullorð. með börn <i>More than one adults with children</i>                      | .             | .           | .           | .           | 35,3        | 37,0        | 31,8        | ± 2,6                 | 12.100                                 |
| <b>Vanskil annarra lána</b>                                                                     |               |             |             |             |             |             |             |                       |                                        |
| <b>Arrears of other loans</b>                                                                   |               |             |             |             |             |             |             |                       |                                        |
| <b>Alls Total</b>                                                                               | <b>5,8</b>    | <b>8,4</b>  | <b>5,5</b>  | <b>10,3</b> | <b>13,1</b> | <b>12,3</b> | <b>10,4</b> | <b>± 1,2</b>          | <b>12.800</b>                          |
| Heimili án barna <i>Households without dependent children</i>                                   | 3,5           | 5,7         | 4,5         | 9,0         | 9,2         | 8,6         | 7,6         | ± 1,5                 | 5.700                                  |
| Einn á heimili <i>One person households</i>                                                     | 3,8           | 6,7         | 5,5         | 10,9        | 11,0        | 10,7        | 9,0         | ± 2,6                 | 3.500                                  |
| Einn á heimili, kona <i>One person household, female</i>                                        | 1,7           | 5,7         | 2,6         | 7,1         | 8,6         | 5,8         | 6,0         | ± 3,2                 | 1.100                                  |
| Einn á heimili, karl <i>One person household, male</i>                                          | 5,7           | 7,6         | 7,9         | 14,2        | 13,2        | 15,2        | 11,9        | ± 4,1                 | 2.300                                  |
| Fleiri en einn fullorð. án barna <i>More than one adults without childr.</i>                    | 3,2           | 4,7         | 3,6         | 7,0         | 7,3         | 6,4         | 6,1         | ± 1,5                 | 2.200                                  |
| Heimili með börn <i>Households with children</i>                                                | 9,0           | 12,2        | 7,1         | 12,4        | 18,6        | 18,0        | 14,5        | ± 2,0                 | 7.200                                  |
| Einstætt foreldri með barn eða börn<br><i>Single parent with one or more dependent children</i> | 12,4          | 14,9        | 10,4        | 17,7        | 26,4        | 28,2        | 22,3        | ± 6,4                 | 2.300                                  |
| Tveir fullorðnir, eitt barn <i>Two adults, one dependent child</i>                              | 7,3           | 11,3        | 8,0         | 9,0         | 15,8        | 12,1        | 10,3        | ± 3,2                 | 1.200                                  |
| Tveir fullorðnir, tvö börn <i>Two adults two dependent children</i>                             | 6,2           | 10,5        | 4,0         | 13,6        | 14,0        | 14,0        | 12,5        | ± 3,4                 | 1.600                                  |
| Tveir fullorðnir, fleiri börn <i>Two adults three or more children</i>                          | 12,8          | 16,5        | 7,0         | 11,9        | 22,1        | 21,5        | 16,3        | ± 4,4                 | 1.400                                  |
| Fleiri en einn fullorð. með börn <i>More than one adults with children</i>                      | 8,3           | 11,7        | 6,4         | 11,3        | 16,7        | 15,5        | 12,4        | ± 1,9                 | 4.800                                  |
| <b>Önnur lán eru þung byrði</b>                                                                 |               |             |             |             |             |             |             |                       |                                        |
| <b>Other loans are a heavy burden</b>                                                           |               |             |             |             |             |             |             |                       |                                        |
| <b>Alls Total</b>                                                                               | <b>7,6</b>    | <b>11,5</b> | <b>10,3</b> | <b>15,5</b> | <b>19,1</b> | <b>15,1</b> | <b>13,9</b> | <b>± 1,4</b>          | <b>16.900</b>                          |
| Heimili án barna <i>Households without dependent children</i>                                   | 5,3           | 9,4         | 8,4         | 12,5        | 14,8        | 11,3        | 11,2        | ± 1,8                 | 8.200                                  |
| Einn á heimili <i>One person households</i>                                                     | 4,6           | 11,4        | 10,9        | 13,8        | 16,9        | 13,1        | 12,6        | ± 3,0                 | 4.800                                  |
| Einn á heimili, kona <i>One person household, female</i>                                        | 6,0           | 9,2         | 6,7         | 9,1         | 16,4        | 11,0        | 12,7        | ± 4,3                 | 2.400                                  |
| Einn á heimili, karl <i>One person household, male</i>                                          | 3,4           | 13,4        | 14,4        | 18,0        | 17,3        | 15,1        | 12,5        | ± 4,1                 | 2.400                                  |
| Fleiri en einn fullorð. án barna <i>More than one adults without childr.</i>                    | 5,9           | 7,5         | 6,1         | 11,2        | 12,6        | 9,3         | 9,6         | ± 1,9                 | 3.400                                  |
| Heimili með börn <i>Households with children</i>                                                | 10,7          | 14,3        | 13,0        | 19,9        | 25,3        | 21,0        | 18,1        | ± 2,2                 | 8.700                                  |

Tafla 4. Heimili í fjárhagsvanda eftir heimilisgerð (frh.)  
Table 4. Households in financial difficulties by household type (cont.)

|                                                                       |      |      |      |      |      |      |      | Öryggis-<br>bil | Áætlaður<br>fjöldi<br>Estim.<br>number |
|-----------------------------------------------------------------------|------|------|------|------|------|------|------|-----------------|----------------------------------------|
| Hlutfall Rate                                                         |      |      |      |      |      |      |      | CI              |                                        |
